

96
30. des.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 75. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 5. janúar 1956, kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 30. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

97
31. des.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki.

Hinn 12. júní 1954 veitti framkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna viðtöku aðildarskjali Íslands að alþjóðasamningi gerðum í Róm 11. desember 1953, um stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 31. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

98
31. des.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Ísrael um ókeypis vegabréfsáritanir.

Hinn 29. desember 1955 var undirritað í Tel-Aviv samkomulag milli Íslands og Ísrael um ókeypis vegabréfsáritanir.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 1. febrúar 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 31. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.